Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf frá Ólafíu Jóhannsdóttur

Bjarni Benediktsson – Einkabréf – Póstkort – Skeyti - Ólafía Jóhannsdóttir – Ragnhildur Benediktsdóttir

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Bréf úr safni Bjarna
Askja 1-6, Örk 10

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

pt. Haugesund 12/3-20

Elsku góða Ragnhildur mín.
Ástar bestu þakkir fyrir elskulega bréfið þitt um daginn. Það var í alla staði svo líkt þér með tryggðina og ástarsemina.
Satt að segja man ég ekki hvað ég átti af dóti úti í Kirkjugarðshúsi en mig minnir að ég ætti þar rauða skápinn sem stóð niðri í stofunni ~~og~~ og í honum voru eitthvað af lúsi lökum. Ef til vill er þetta misminni, en hvað sem það er, sje hann þar ekki þá lifi ég vissulega jafnvel án hans og þess sem í honum var. Ég hefi hugsað svo lítið um það sem ég átti heima, en skildi Guð leiða mig heim aftur þá sakna ég þess líklega í bili

Drottinn láti okkur sjást heima í dýrðinni sinni. hittast aftur til gleði og blessunar vinsemd stöðugt kært Ástarkveðju þín einlæg gamla vinkona Ólafía

því hvar sem ég er er mjer allra
hluta vegna hentast að hafa mjer
ofurlítið íbúð – sjálf eitt lítið herbergi
og svo að geta matreitt sjálf, því
ég er svo háð matreiðinni og kyrðinni
þegar ég er heima. En þó svo að
kæmi heim verða ráð með þetta –
því mikils þarf ég ekki — Ég vil
gjarnan selja Stólana ef þú vildir
vera svo góð og gjöra það fyrir mig.
Borðið er mjer ekki um að selja
hverjum sem er, það er úr búi
Benedikts og er í rammanum
menjagripur. Ef Ranka hefði
viljað eiga það mátti hún gjarnan
fá það en þykir billega langt að
flytja það. Mig minnir að ég
byði henni það einusinni en
fengi aldrei svar um það. Vildu
ekki eiga það sjálf eða Ranka þín
Ég vil ekki selja það út í loftið, en
þú veist ég hef tekið tryggð við það
Hefði Ranka Benediktsdóttir ekki

hinn langað til að eiga það var
það þeim velkomið en getið þér
ekki um það Anna og ykkur þess
öðrum þennan. Skólarnir voru
mjer hvorra að ekki linki
hjá ókunnugum. En þeygðu nú
Eg er sem stendur á leið til
Hafnar – ef Guð ekki snýr mjer
aftur – Hefi ekkert fastráðið –
vil ekkert fastráða – og get ekkert
fastráðið – en nú í April á
að verða heimsfundur Hvíta-
bandsins í Lundúnum og
gamlir vinir mínir á þeim stöð-
um hafa verið að leggja að mjer
að koma þangað. Fari eg þangað
er eg komin Íslands megin
við Norðursjóinn og þá væri
mun vanað eg komist heim.
Eg þori ekkert ákveðið að segja
um neitt af þessu – en ekkert
er Guði ómáttugt sem hann
vill gjöra, og ómögulegt er það

ekki að ég komi heim um há-
sumarstíðið. Ég fel Guði þetta alveg
og hann hefur tekið frá mér
allar áhyggjur um þetta. – Sem
stendur í öllu falli og komi
þær aftur má ég fela honum
þær á ný, hann þreytist aldrei
að hjálpa. Það er forrjéttur
barnsins að koma með ótak-
markaðar þarfir til föðursins sem
hefur ótakmarkaðan mátt og
vilja til að hjálpa barninu.
Við eignumst alt þetta með
frelsinu og fyrirgefningu synd-
anna í Jesú Kristi: ——
Gerðu alveg eins og þú vilt
við þetta dót sem ég á heima
Það sem er þér getur orðið
brúka og svo ef ég þarf þess
með og annars þá ég það til
að gefa ~~á~~ einhvern hátt Guðs
ríki til eflingar. Í þeim sjóði
ávaxtast lánið svo það verður
að miklu – Ég er alveg viss um

að það sem Norðmenn hafa
gjört fyrir heiðingjana hefir
komið aftur þessi árin og orðið
þjóðinni til stórhjálpar á svo
margan hátt, en þó maður aldrei
uppskeri neitt annað en
bara þá náð að fá að senda
fagnaðarerindið til þeirra sem
sitja í myrkrinu þá er það
ómissandilegur fjársjóður. —
Þakka þjer innilega fyrir að þú
ert að hugsa um þetta fyrir mig
og vilt hafa fyrir að koma þessu
áleiðis í eitthvert verð.
Og þakka þjer líka hjartanlega
fyrir að þú vildir hugsa um
ef jeg skyldi nú koma heim.
Eg þarf svo sem ekki stóra
stofu, ofurlítið herbergi er
mjer nóg bara ég hafi það
út af fyrir mig og hafa sje
kyrt og ljós á nóttunni. Því
annars get jeg ekki sofið og þá

gat eg ekkert. Eg vil ekki illa
sje bara keypt árni þar sem eg er
en eg er svefnstygg og verð því að
vera alveg út af fyrir mig og
helst frá ysi öðrum ekki svo að
aðrir búi yfir mjer. Um eigi eg
að koma heim er eg viss um
að Guð sjer um allar mínar
nauðsynjar í þessu sem öðru
sem stendur er eg húsnæðislaus
í Kristjaníu. Gjöri ekkert í því
fyrri en eg sje hvar bátinn ber
að landi. —
Vonast við að koma til Hafnar
í næstu viku og sje þá Thrú
Stúna ef Guð lofar og tala við hana
Anna Thoroddsen hefur verið hjá
nokkra daga og spáði lækni. Hafði
mikla ánægju af komu hennar-
já stórmikla. Hann er altaf skemtilegur
og hefur lítið slot í útliti, ekkert
í umgengni. Kysstu öll litlu
börnin þín frá mjer og berðu stóru
börnunum ástarkveðju og Bjarna þínum

No.

Bæjarráð

16. júlí 1937 fór með fjárhagsáætl-

unarplögg 1938.

Ólafía Jóhannsd. e. B.B.

19

19